

## **MND**

... er hreyfitauga-hrörnunarsjúkdómur. Sjúkdómurinn ágerist hratt og leiðir til þess að hreyfitaugar deyja af óþekktum orsökum og geta ekki sent taugaboð til vöðvanna. Við þetta minnkar styrkur vöðva, þeir rýrna, verða máttlausir og viðkomandi missir stjórn á vöðvahreyfingum.

Fyrstu vísbendingar um sjúkdóminn eru oftast máttleysi í útlím, breyting á tali og kynging verður erfiðari.

Á hverju ári greinast um það bil 5 einstaklingar á Íslandi með MND. Á hverjum tíma eru á Íslandi um 15-20 einstaklingar með MND.

<http://www.mnd.is/>